

Skýrsla stjórnar Ský fyrir starfsárið 2018-2019

Flutt á aðalfundi félagsins 28. febrúar 2019
50. starfsári að ljúka

Eins og undarfarin ár hefur nýliðið starfsár Ský verið viðburðaríkt og félaginu til sóma. Markmið Ský eru sem fyrr að halda úti öflugri og faglegri starfsemi á sviði upplýsingatækni, m.a. með ráðstefnuhaldi og fræðslustarfsemi.

Á árinu tókst stjórn, faghópum og framkvæmdastjóra að uppfylla þessi markmið og halda áfram því góða starfi sem unnið hefur verið síðustu ár. Eftir fækkun á árunum fyrir 2011 hefur fjölgað jafnt og þétt í félaginu. Síðustu tvö ár fækkaði lítillega í félaginu en í ár fjölgaði um 26 og eru félagsmenn því 1093. Tengslanet Ský heldur þó áfram að stækka þrátt fyrir þetta og eru 5097 aðilar skráðir. Það má líta svo á að félagið hafi staðið í stað í stærð en með yfir þúsund félagsmenn þá er félagið á góðum stað.

Stjórn Ský á starfsárinu 2018-2019

Guðjón Karl Arnarson, formaður
Snæbjörn I. Ingólfsson, varaformaður
Kristján Ólafsson, gjaldkeri
María Ingimundardóttir, ritari
Birna Íris Jónsdóttir, meðstjórnandi
Theodór Gíslason, meðstjórnandi
Díana Dögg Víglundsdóttir, meðstjórnandi

Stjórnin hélt 9 bókaða stjórnarfundum auk nokkurra vinnufunda bæði innan stjórnar, með nefndum félagsins og tengdum aðilum af ýmsu tilefni.

50 ára afmæli Ský

Ský fagnaði 50 ára afmæli 6. apríl síðastliðinn. Á árinu var haldið upp á afmælið með ýmsum hætti. Aðalfundi félagsins var gert hærra undir höfði með öflugri dagskrá og haldinn yfir hádegismat á Grand hóteli. Á afmælisdaginn var félagsmönnum boðið í glæsilega afmælisveislu á Grand hóteli þar sem UT verðlaunin voru veitt af mennta- og menningarmálaráðherra, Ólafur Andri kíkta inn í framtíðina og bókinn Tölvuvæðing í hálföld var gefin út. Tímaritið Tölvumál var einnig veglegra en áður í tilefni af afmælisárinu.

Ráðstefnur og fundir

Félagið stóð fyrir 24 viðburðum á árinu, sem er töluverð fjölgun frá síðasta ári en þá voru 19 viðburðir. Faghópar voru virkir við ráðstefnu- og fundahöld. Yfirlit yfir viðburði er að finna á vefsíðu félagsins (www.sky.is) undir „Liðnir atburðir“.

Í ár var UTmessan hinn glæsilegasti viðburður og má Ský vera stolt af því að standa að slíkum viðburði. UTmessan var haldin í samstarfi við Háskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík og Platínium samstarfsaðila. Tilgangur UTmessunnar er að vekja athygli á mikilvægi upplýsingatækninnar og áhrif hennar á einstaklinga, fyrirtæki og íslenskt samfélag. Markmiðið er að sjá marktæka fjölgun nemenda sem velja sér tæknigreinar sem svið í háskólum landsins. Einnig viljum við tengja upplýsingatæknina betur við skólastarf og atvinnulíf og vekja áhuga almennings á upplýsingatækni og mikilvægi hennar á öllum sviðum daglegs lífs. Viðburðurinn var gífurlega vel sóttur, um þúsund voru í Hörpu á föstudeginum þegar ráðstefnuhluti UTmessunnar fór fram og þúsundir mættu á laugardeginum þegar sýning opin almenningsi fór fram.

UT verðlaun Ský

Frá árinu 2010 hefur Ský veitt árlega Upplýsingatækniverðlaun Ský. Um er að ræða heiðursverðlaun að danskri fyrirmynd fyrir framlag til upplýsingatækni á Íslandi. Reglur verðlaunanna kveða á um að verðlaunað sé framtak sem þegar hafi sannað sig og því er ekki um sprota- eða hugmyndaverðlaun að ræða.

UT verðlaunin 2018 voru afhent í afmælisveislu Ský og var það tölvunarfræði Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík sem fengu UT verðlaunin. Það má hiklaust segja að tölvunarfræðideildir Háskólanna hafa lagt sitt af mörkum til samfélagsins með því mikla og góða starfi sem þar fer fram. Tölvunarfræði og tæknimenntun er að verða ein af grundvallar stöðum íslensks atvinnulífs og standa íslensk tölvufyrirtæki vel að vígi með háskólamenntaða starfsmenn.

Á árinu 2019 voru UT verðlaunin stækkuð með því að bæta við nýjum flokkum. Nýju flokkarnir eru „UT-Stafræn þjónusta“, „UT-Sprotinn“ og „UT-Fyrirtækið“. UT verðlaunin 2019 voru afhent á verðlaunahátíð r fram í Hörpu við lok dagskrár UTmessunnar.

Í flokknum UT-Stafræn þjónusta varð Leggja.is fyrir valinu, Syndis hlaut UT-Sprotinn og Nox Medical var valið UT-Fyrirtæki ársins.

UT verðlaunin 2019 fékk Ragnheiður H. Magnúsdóttir en hún hefur komið víða við í tæknigeiranum. Auk starfa hjá Hugsmiðjunni, Marel og Veitum hefur hún setið í stjórnnum Samtaka vefiðnaðarins, Ský, Vísinda- og tækniráðs og Samtaka upplýsingatæknifyrirtækja. Ragnheiður er sterkur leiðtogi og hefur gefið rausnarlega af sér í þennan mikilvæga málaflokk, í gegnum störf sín í tæknigeiranum. Þá hefur hún verið óþreytandi við að breiða út boðskapinn í frítíma sínum, enda með skýra hugsjón og sterka sannfæringu þegar kemur að vægi upplýsingatækni í íslensku samfélagi.

Tímaritið Tölvumál, ritnefnd og siðanefnd

Ritnefnd hélt allmarga fundi á liðnu ári og veglegt eintak af Tölvumálum kom út í byrjun nóvember. Efnistöð blaðsins í ár var „sjálfsafgreiðsla“. Blaðið var sent til félagsmanna Ský. Vefútgáfa Tölvumála má finna á vef félagsins (www.sky.is) og sífellt má sjá aukningu í lestri þar. Ritnefnd hefur undanfarin ár unnið glæsilegt starf en sífelld vöntun er á fleira fólki til þess að taka upp pennann (eða í okkar tilfelli lykllaborðið) og rita greinar.

Siðanefnd hefur ekki starfað á vegum Ský síðustu starfsár en vilji er til að koma henni af stað aftur og óskum við eftir félagsmönnum sem áhuga hafa á málefninu að gefa sig fram.

Faghópar

Á liðandi starfsári fjölgaði aftur töluvert í öllum faghópum. Hástökkvari ársins faghópur um hugbúnaðargerð en þar fjölgaði félögum um 33 og eru félagar nú 184.

Starf faghópanna var á liðandi ári jafn glæsilegt og áður. Þeirri venju hefur verið fylgt að hver faghópur sjái um að minnsta kosti einn stærri viðburð á vegum Ský á ári og svo var einnig í ár. Starf faghópanna er mikilvægur hlekkur í starfsemi félagsins og aldrei að vita nema fleiri faghópar líti dagsins ljós í nánustu framtíð.

Faghópar Ský á starfsárinu eru:

- Fókus, faghópur um upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu, félagar 152 en voru 123.
- Öldungadeild, félagar 60 en voru 55.
- Fjarskiptahópur, félagar 145 en voru 135.
- Öryggishópur, félagar 219 en voru 187.
- Faghópur um rafræna opinber þjónustu, félagar 167 en voru 150.

- Faghópur um vefstjórnun, félagar 220 en voru 212.
- Faghópur um hugbúnaðargerð, félagar 184 en voru 151.
- Faghópur um rekstur tölvukerfa, félagar 180 en voru 158.
- Faghópur um menntun, fræðslu og fræðistörfum í UT, félagar 150 en voru 127.

Ritun sögu tölvuvæðingar

Haustið 2014 voru liðin 50 ár síðan fyrsta tölvan kom til Íslands að því tilefni átti Öldungadeild Ský frumkvæði að því að hafist yrði handa við að rita sögu tölvuvæðingar á Íslandi. Ritstjóri er Anna Ólafsdóttir Björnsson og í ritnefnd eru Arnlaugur Guðmundsson (formaður ritnefndar), Sigurður Bergsveinsson, Frosti Bergsson, Vilhjálmur Þorsteinsson, Gunnar Ingimundarson, Sigríður Olgeirsdóttir, Þorsteinn Hallgrímsson, Gísli Már Gíslason og Arnheiður Guðmundsdóttir. Sagan var gerð aðgengileg á vef Ský í maí 2016 (<http://www.sky.is/index.php/sagautaislandi>). Verkefnið er fjármagnað af styrkjum til að koma sögunni á vefinn og þakkar félagið öllum þeim sem styrktu verkefnið. Ákveðið var að halda áfram og gefa söguna út í bókformi og kom „Tölvuvæðing í hálföld – upplýsingatækni á Íslandi 1964-2014“ út á 50 ára afmæli þann Ský 6. apríl 2019.

Innlent samstarf

Ský á samkvæmt lögum fulltrúa í stjórn Persónuverndar, Þorvarður Kári Ólafsson er fulltrúi Ský. Félagið er einnig aðili að Icepro.

Erlent samstarf

Ský hefur um margra ára skeið tekið þátt í evrópsku samstarfi upplýsingatæknifélaga á vettvangi CEPIS (Council of European Professional Informatics Societies). Sú samvinna hélt áfram á síðastliðnu ári og erum við þátttakendur í verkefni sem felst í að hvetja konur til að fara í tölvutengt nám, ICT-Women task force og einnig ICT-Computing in Schools. Þar hefur sterklega komið fram að öll Evrópulöndin eru að glíma við að reyna að fá ungt fólk til að fara í tæknimiðað nám og sérstaklega ungar konur.

Bebras

Stjórn Ský ákvað að taka boði sem barst í framhaldi af Cepis Council fundinum í apríl 2015 að vera með í alþjóðlegu verkefni sem heitir BEBRAS. Vikuna 12. – 16. nóvember stóð Ský fyrir Bebras áskorun á meðal barna á aldrinum 6-18 ára. Þetta verkefni hefur breiðst hratt út og var Ísland nú með í fjórða skipti. Skólarnir voru jafn margir og fyrir ári eða 24 en þátttaka meðal nemenda dróst verulega saman en 1357 krakkar tóku þátt sem er fækkun um tæplega 700 krakka. Við horfum þó björt fram á veginn og teljum að Bebras eigi enn erindi til krakka á Íslandi.

Afkoma félagsins

Eins og fram kemur í ársreikningi félagsins var afkoman á árinu góð og skilar félagið hagnaði uppá rétt rúmlega 1 milljón kr. en hagnaður í fyrra var 6 milljónir kr. Áhætta í rekstri hefur aukist töluvert með tilkomu viðburðar af stærðargráðu UTmessunar og því er ánægjulegt að staða félagsins sé orðin nægilega sterk til þess að geta brugðist við sveiflum.

Stefnumótun

Haustið 2017 fór stjórn Ský í stefnumótun fyrir félagið í samstarfi við ráðgjafa frá Capacent. Í kjölfarið var svo ný stefna félagsins samþykkt. Ský ætlar sér að vera hringiða framfara, með puttann á púlsinum og sýnileg í samfélaginu. Í starfsárinu var byrjað að hrinda nokkrum verkefnum í framkvæmd má þarf nefna heimsóknir í fyrirtæki og óskað var eftir tilnefningum í fleiri flokkum í UT verðlaunum Ský.

Lokaorð

Ský er nú 50 ára og á sér bæði langa og farsæla sögu sem þverfaglegt félag þeirra sem vilja hagnýta sér eða hafa áhuga á upplýsingatækni. Félagið heldur ráðstefnur, gefur út og starfrækir faghópa. Í lok árs var ráðinn nýr starfsmaður í fullt starf til aðstoðar framkvæmdastjóra en það var áður hálfstöðugildi. Rekur félagið því skrifstofu með tveimur stöðugildum. Óhætt er að fullyrða að félagið hefur haft umtalsverð áhrif á framþróun upplýsingatækninnar hér á landi. Starfsemin byggir að miklu leyti á ómældri sjálfböðavinnu stjórnarmanna, ritnefndar, orðanefndar og faghópa. Í félaginu starfar hæft fagfólk úr ýmsum greinum atvinnulífsins sem ekki telur eftir sér að undirbúa viðburði félagsins, að ógleymdum fyrirlesurum. Stjórn Ský vill hér með þakka öllum þessum aðilum fyrir þeirra mikilvæga framlag við að efla starfsemi félagsins.

Starfsmenn félagsins eiga lof skilið fyrir það mikla starf sem þær hafa innt af hendi á árinu. Þær hafa sýnt mikla hæfileika í verkefnastjórn á stórum sem litlum viðburðum og eru þeim kostum gæddar að draga fram í dagsljósið allt það besta sem félagsmenn Ský og aðrir í upplýsingatækniheiminum hafa upp á að bjóða. Við teljum að félagið sé vel rekið og mun halda áfram af sama krafti á komandi starfsári.

F.h. stjórnar Ský,
Guðjón Karl Arnarson, formaður.